

23

1. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 48 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

4. gr. laganna skal orða svo:

Bæjarfógetinn í Neskaupstað hefir að launum 3600 krónur, er greiðast úr rikissjóði. Hann hefir á hendi öll hin sömu störf og sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómstjórn, lögreglustjórn, gjaldheimtu á tekjum rikissjóðs og önnur störf, allt gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin að lögum.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrétt hafa eftir gildandi lögum.

Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra og ákveður laun hans, enda greiðast þau úr bæjarsjóði.

3. gr.

6. gr. laganna fellur niður.

4. gr.

Fyrsta málgr. 9. gr. laganna orðist svo:

Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórnin tekur, og forstaða bæjararmálefna er á hendi bæjarstjóra, nema þar sem annað er sérstaklega ákveðið af bæjarstjórn.

5. gr.

2. og 3. málgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun bæjarstjóra. Bæjarstjóri ávísar útgjöldum, og skulu þau áður samþykkt af nefnd þeirri innan bæjarstjórnar, er þau heyra undir.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.